

Á 8. fundi Menningar- og nýsköpunarnefndar Mosfellsbæjar 21. maí sl. lagði áheyrnarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar, Olga J. Stefánsdóttir, fram tillögu undir heitinu „Stefnumótun til framtíðar í menningarmálum fyrir Mosfellsbæ.“



Tillagan var svohljóðandi:

Menningar- og nýsköpunarnefnd samþykkir að hluti af endurskoðun menningarstefnu fyrir Mosfellsbæ verði stefnumótun til framtíðar í menningarmálum fyrir Mosfellsbæ þar sem horft verði til þess að Hlégarður og svæðið þar í kring yrði þungamiðjan í uppbyggingu og hýsingu safna- og menningarstarfs í Mosfellsbæ.

Samþykkt var samhljóða á ofangreindum fundi Menningar- og nýsköpunarnefndar að vísa tillögu Vina Mosfellsbæjar inn í þá vinnu sem nú stendur yfir um mótun stefnu og framtíðarsýnar á sviði menningarmála.

Tillaga Vina Mosfellsbæjar var síðan samþykkt samhljóða á 740. fundi bæjarstjórnar.

Greinargerð með tillögunni:

Efnt verði til formlegs samstarfs við fulltrúa hinna ýmsu menningarfélaga í Mosfellsbæ um þá hugmynd að Hlégarður og svæðið þar í kring verði þungamiðjan í uppbyggingu og hýsingu núverandi menningarstarfsemi Mosfellsbæjar, með aðstöðu fyrir söng, tónlist, leiklist og aðra menningartengda starfsemi í Mosfellsbæ.

Með vandaðri stefnumótun, sem unnin yrði í samstarfi við hin fjölmörgu menningarfélög sem starfa í Mosfellsbæ, væri markmiðið að ná utan um þarfir og óskir þessara félaga.

Samhliða yrðu óskir menningarfélaganna samþættar stefnu og þörfum þeirrar menninartengdu starfsemi sem Mosfellsbær sjálfur hefur með höndum s.s. Bókasafns Mosfellsbæjar, Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar, Listasalar Mosfellsbæjar og Listaskóla Mosfellsbæjar svo eitthvað sé nefnt.

Hinn mikli menningararfur síðustu áratuga í sögu Mosfellssveitar og Mosfellsbæjar verði þá, ef skynsamlegt þykir, fundinn staður á sem næst einu svæði miðsvæðis í bænum, bæði núverandi menningarstarfssemi og ef til vill einnig nýjum söfnum byggða-, stríðsminja-, iðnaðar- og verslunarsögu.

Hugmyndasamkeppni um uppbyggingu á Hlégarðssvæðinu yrði að lokum kostnaðarmetin og færi fram í áföngum með verklokum eftir 10-12 ár eða fyrr eftir atvikum.

Skjalið hér að neðan fylgir tillögu þessari sem hugmynd en ekki sem tillaga að endanlegri útfærslu.

[Hlégarður-menningarmiðstöð-Mosfellsbæjar-fylgiskjal](#) [Download](#)